



Akureyrarbær

Bæjarstjórnarfundur unga fólksins - fundargerð

26. mars 2019 kl. 17:00 – 17:50

Hamrar í Hofi

Ungmennaráð

Ari Orrason – stýrði fundi
Brynjólfur Skúlason
Embla Blöndal
Gunnborg Petra Jóhannsdóttir
Hulda Margrét Sveinsdóttir
Jörundur Guðni Sigurbjörnsson
Þóra Björgvinsdóttir

Starfsmenn

Kristín Sóley Sigursveinsdóttir ritaði fundargerð

1. Bættar samgöngur og skilvirkara leiðakerfi strætisvagna

2019030403

Brynjólfur Skúlason kynnti málið f.h. ungmennaráðs.

Akureyri er heilsueflandi samfélag og finnst ungmennaráði sjálfsagt að sem auðveldast ætti að vera að komast á milli staða á hvaða tíma árs sem er. Ungmennaráð fagnar breyttum áherslum í snjómokstri þar sem lögð er áhersla á mokstur göngustíga til og frá skóla og við stofnbrautir. Það er frábært að það sé fritt í strætó og vill ungmennaráð halda því áfram hins vegar eru við með nokkrar athugasemdir varðandi leiðarkerfið. Svo virðist vera sem stoppistöðvar séu ekki alltaf virtar og vagnar sem eru á undan áætlun bíði ekki eftir farþegum. Í dag er aðeins ein leið sem gengur eftir klukkan 18 á daginn, ekki er hægt að taka strætó úr innbænum í framhaldsskólana og um helgar er aðeins ein leið sem gengur aðeins á milli kl.12-19.

Tillögur:

Leiðakerfi strætó verði notendavænna.

Leiðum eftir klukkan 18 á daginn verði fjölgað.

Bætt verði við leið úr innbænum í framhaldsskólana.

Þjónusta um helgar verði aukin.

- Sóley Björk Stefánsdóttir bæjarfulltrúi brást við f.h. bæjarstjórnar og þakkaði fyrir tillögurnar. Hún sagði frá nýjung sem verið er að vinna að þar sem gert er ráð fyrir að hægt sé að fylgjast með snjómokstri gönguleiða í rauntíma á netinu.

2. Áheyrnarfulltrúar í helstu ráð og nefndir

2019030404

Embla Blöndal kynnti málið f.h. ungmennaráðs.

Nýir tímar kalla á breytingar. Raddir unga fólksins, fólksins sem kemur til með að taka við því samfélagi sem við búum í geta skipt og eiga að skipta máli. Þessar breytingar þurfa að snúast um það að virkja ungmenni í samfélaginu og kalla eftir skoðunum þeirra og áliti á hinum ýmsu málum. Ungt fólk hefur ýmislegt fram að færa og hefur skoðanir á ýmsum málum sem varða samfélagið allt og ekki síst málefni ungmenna. Ungmennaráð hefur nú áheyrnarfulltrúa í fræðsluráði og frístundaráði en það er ekki nægilegt.

Tillaga:

Ungmennaráð fái áheyrnarfulltrúa í helstu ráð og nefndir.

Bæjarstjórnarfundur unga fólksins 26. mars 2019

- Guðmundur Baldvin Guðmundsson bæjarfulltrúi brást við f.h. bæjarstjórnar og þakkaði tillögu ungmennaráðs sem yrði skoðuð alvarlega.

3. Heilsueflandi samfélag

2019030410

Gunnborg Petra Jóhannsdóttir kynnti málið f.h. ungmennaráðs.

Aðstaða til íþróttaiðkunar er mjög góð á Akureyri, sérstaklega fyrir afreksíþróttafólk. Ef Akureyri ætlar að standa undir nafni sem heilsueflandi samfélag verður að huga betur að almenningsíþróttum. Með því að hafa æfingartæki við göngu- og hjólastíga og á opnum svæðum getur hinn almenni borgari stundað fjölbreyttari hreyfingu.

Tillögur:

Settur verði upp hreystivöllur og æfingataeki við göngu- og hjólastíga og á opin svæði.

Boðið verði upp á opna tíma í íþróttahúsum bæjarins.

Ódýrara verði fyrir framhaldsskólanema að fara í sund og í Hlíðarfjall.

- Ingibjörg Isaksen bæjarfulltrúi brást við f.h. bæjarstjórnar, þakkaði tillögurnar og sagði frá nokkrum úrbótaverkefnum sem verið er að vinna innan bæjarins.

4. Aðgerðaáætlun vegna innleiðingar Barnasáttmálans

2019030411

Jörundur Guðni Sigurbjörnsson kynnti málið f.h. ungmennaráðs.

Í kjölfar aukinnar ábyrgðar og nýrra verkefna sem falin eru ungmennaráði Akureyrar í aðgerðaáætlun fyrir innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna telur ungmennaráð rétt að greiða ungmennum fyrir fundi ungmennaráðs. Fordæmi eru fyrir greiðslum til ungmennaráða í öðrum sveitarfélögum landsins. Akureyrarbær er nú að halda af stað í leiðandi vegferð með innleiðingu Barnasáttmálans. Til þess að setja ungmennaráði fastari skorður innan stjórnáætlunar bæjarins telur ráðið rétt að ungmennaráð hljóti fræðslu um verkferla stjórnáætlunar sem og laun fyrir störf sín innan hennar. Greiðslur myndu einnig auðvelda fulltrúum í ráðinu að forgangsraða tíma sínum í þágu ráðsins.

Tillaga:

Fulltrúar ungmennaráðs fái greidda þóknun fyrir fundarsetu sína á fundum ungmennaráðs bæjarins.

- Gunnar Gíslason bæjarfulltrúi brást við f.h. bæjarstjórnar, þakkaði tillöguna og sagði mikilvægt að ungmennaráð væri virkt og að skoðaðar yrðu þær leiðir sem mögulegar væru til að ráðið geti sinnt skyldum sínum.

5. Skólamáltíðir

2019030412

Þóra Björgvinsdóttir kynnti málið f.h. ungmennaráðs.

Í gátlista um næringu fyrir heilsueflandi samfélög segir:

„Hollur og næringarríkur matur, í samræmi við ráðleggingar Embættis landlæknis um mataræði, getur haft áhrif á heilsu, líðan og starfsorku íbúa. Heilsusamlegt mataræði er mikilvægt til að stuðla að góðri heilsu og tengist einnig menningu, sjálfbærri þróun, lífsgæðum og fleiru. Það að bjóða upp á hollan og næringarríkan mat í leik-, grunn-, framhaldsskólum og frístundaheimilum er góð fjárfesting til framtíðar.“

Tillögur:

Bæjarstjórn beiti sér fyrir því að skólamáltíðir í öllum skólum séu næringarríkar, úr fersku hráefni og að fjölbreytt úrval ávaxta og grænmetis séu í boði.

Skólamáltíðir 16-18 ára verði niðurgreiddar.

- Hlynur Jóhannsson bæjarfulltrúi brást við f.h. bæjarstjórnar og hrósaði ungmennaráði fyrir hnitmiðaðar tillögur. Sagðist sammála því að mataræði væri mikilvægt atriði og þess vert að huga betur að.
- Hulda Margrét Sveinsdóttir tók til máls og vitnaði til ráðlegginga Embættis landlæknis um mataræði og taldi skólamáltíðir ekki uppfylla þau viðmið.

**6. Aðstaða fyrir sjósund og sauna
2019030413**

Hulda Margrét Sveinsdóttir kynnti málið f.h. ungmennaráðs.

Nýlega kom fram í fjölmiðlum að Finnar væru hamingjusamasta þjóð heims annað árið í röð samkvæmt hamingjulistu Sameinuðu þjóðanna. Finnar telja að sjóböð og sauna sé lykillinn að þeirra hamingju. Hvort sem það er rétt eða ekki er klárt að sjóböð og sauna er bæði heilsusamleg og góð afþreying en grunnskólabörn á Akureyri kalla eftir fjölbreyttari afþreyingu í sveitarfélaginu.

Tillaga:

Bæjarstjórn beiti sér fyrir því að hefja undirbúning að aðstöðu með sauna fyrir sjósundsfolk.

- Eva Hrund Einarsdóttir bæjarfulltrúi brást við f.h. bæjarstjórnar og hrósaði ungmennaráði fyrir skelegga framsögu og góðan fund. Telur hugmyndina spennandi og sagði frá hugmyndum á svipuðum nótum sem eru eða hafa verið til skoðunar hjá bænum.

**7. Umhverfismál, Akureyri í fararbroddi
2019030415**

Hulda Margrét Sveinsdóttir kynnti málið f.h. ungmennaráðs.

Akureyri er mjög framarlega meðal sveitarfélaga hvað varðar umhverfismál, við höfum góða og metnaðarfulla umhverfisstefnu. Ungmennaráð vill ganga úr skugga um að verið sé að fylgja stefnunni til fulls. Hvernig gengur t.d. að gera Akureyrarbæ að plastpokalaus og kolefnishlutlaus sveitarfélagi? Ef við ætlum að ná að verða kolefnishlutlaust samfélag verðum við að gera róttækar breytingar. Það þarf að auka fræðslu um umhverfismál í skólum, fyrirtækjum og fyrir íbúa. Draga þarf verulega úr notkun einkabílsins.

Tillögur:

Bæjarstjórn samþykki að koma upp hjólaleigum víðsvegar um bæinn.

Fræðsla um umhverfismál verði aukin; í skólum, fyrir fyrirtæki og alla íbúa.

Hugað verði að kolefnisfótspori matvæla og vöru sem sveitarfélagið kaupir.

- Þórhallur Jónsson bæjarfulltrúi brást við f.h. bæjarstjórnar og sagði framtíðina bjarta þegar unga fólkíð væri jafn flott og ungmennaráð. Sagði að margt væri gert innan bæjarins til að mæta settum markmiðum en alltaf væri hægt að gera betur. Telur bæinn vera á réttri leið og að saman getum við leyst þetta.

**8. Tíðavörur í grunnskólum
2019030416**

Hulda Margrét Sveinsdóttir kynnti málið f.h. ungmennaráðs.

Ungmennaráð telur mikilvægt að tíðavörur séu aðgengilegar endurgjaldslaust á klósettum grunnskóla. Ráðið bendir einnig á að æskilegt sé að gert verði ráð fyrir að bærinn útvegi öllum stelpum í 10. bekk álfabíkar. Álfabíkar er umhverfisvænni og heilsusamlegri en aðrar tíðavörur.

Tillögur:

Tíðavörur verði aðgengilegar endurgjaldslaust í grunnskólum bæjarins.

Öllum stúlkum í 10. bekk grunnskóla bæjarins verði útvegaður álfabíkar.

- Hilda Jana Gísladóttir bæjarfulltrúi brást við f.h. bæjarstjórnar og hrósaði ungmennaráði fyrir alvöru tillögur og að setja á dagskrá mikilvæg mál. Finnst tillagan um tíðavörur frábær hugmynd sem ætti að vera auðveld í framkvæmd.
- Brynjólfur Skúlason sagði frá því að í Menntaskólanum á Akureyri og Menntaskólanum á Egilsstöðum hafa nemendafélög haft frumkvæði að því að koma tíðavörum á salerni í skólunum.

Bæjarstjórnarfundur unga fólksins 26. mars 2019

Í lok fundar tók Halla Björk Reynisdóttir forseti bæjarstjórnar til máls og þakkaði ungmennaráði fyrir góðan og ánægjulegan fund. Hún lagði til að fundargerðinni yrði vísað í heild sinni til bæjarráðs til úrvinnslu. Fundarstjóri bar tillöguna upp til atkvæða og var hún samþykkt samhljóða af fulltrúum ungmennaráðs.

Fundi slitið.